

# Persónuverndarstefna kærunefndar jafnréttismála

Kærunefnd jafnréttismála er sjálfstæð stjórnáslunefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. einnig lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hlutverk nefndarinnar felst í því að úrskurða í kærumálum eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. Til þess að sinna lögbundnu hlutverki getur nefndinni reynst nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar og gilda lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga um þá vinnslu. Nefndin er ábyrgðaraðili fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hennar hálfu.

Nefndin hefur sett sér svohljóðandi persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018:

## VINNSLA OG MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

Til persónuupplýsinga teljast hvers kyns upplýsingar sem nota má til að persónugreina einstaklinga, beint eða óbeint. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar. Til vinnslu persónuupplýsinga telst öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, svo sem söfnun, skráning og varðveisla og miðlun.

Nefndin vinnur eingöngu með persónuupplýsingar til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Upplýsingarnar berast almennt frá einstaklingum sjálfum eða umboðsmönnum þeirra þegar þeir leggja inn kæru hjá nefndinni eða frá þeim sem kæra beinist gegn, svo sem stjórnvöldum eða öðrum vinnuveitendum. Í einhverjum tilvikum kunna þær þó að berast frá þriðja aðila. Nefndinni er nauðsynlegt að miðla persónuupplýsingum til þess sem á aðild að kærumáli en við þá miðlun gætir nefndin að settum reglum.

## ÖRYGGI UPPLÝSINGA

Til að tryggja öryggi upplýsinga eru þær varðveittar á tryggum stað og hefur enginn óviðkomandi aðgang að þeim. Einnig eru gerðar viðeigandi tæknilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra. Tölvukerfi nefndarinnar er rekið af TRS og Hugvit heldur utan um málaskrá nefndarinnar. Bæði þessi fyrirtæki starfa samkvæmt alþjóðlega ISO/IEC 27001 upplýsingaöryggisstaðlinum.

Þá hvílir þagnarskylda á nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar.

## VARÐVEISLUTÍMI

Nefndin hagar skjalamálum sínum í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

# RÉTTINDI MANNA SAMKVÆMT PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

## 1. AÐGANGSRÉTTUR

Einstaklingur á rétt á að fá aðgang að og afrit af öllum persónuupplýsingum sem nefndin vinnur um hann nema lög mæli fyrir um annað. Réttur á aðgangi að gögnum máls getur einnig byggst á stjórnslu- eða upplýsingalögum.

## 2. RÉTTUR TIL LEIÐRÉTTINGAR

Einstaklingur á rétt á því að fá persónuupplýsingar, sem skráðar eru í skjalasafn nefndarinnar, leiðréttar reynist þær rangar. Þá getur komið til greina að nefndin fallist á beiðni viðkomandi um að bæta upplýsingum við þær persónuupplýsingar sem stofnunin hefur í skjalasafni sínu um hann reynist þær ófullnægjandi.

## 3. SKYLDUR SAMKVÆMT LÖGUM UM OPINBER SKJALASÖFN

Rétturinn til eyðingar eða rétturinn til að gleymast á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni þar sem nefndin er bundin af lögum um opinber skjalasöfn og ber að varðveita allar upplýsingar sem henni berast. Í persónuverndarlögum er sérstaklega tekið fram að réttur til eyðingar persónuupplýsinga og til að gleymast eigi ekki við þegar lög mæla fyrir um að upplýsingarnar skuli varðveittar.

## 4. KVARTANIR VEGNA VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Einstaklingur getur lagt fram kvörtun vegna vinnslu nefndarinnar á persónuupplýsingum til Persónuverndar sem fer með eftirlitshlutverk á sviði persónuverndar, sjá heimasíðu stofnunarinnar <http://www.personuvernd.is/>.

## PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Persónuverndarfulltrúi nefndarinnar er Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir. Erindum og fyrirspurnum er varða vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni skal beint til hennar á netfangið [personuverndarfulltrui@urvel.is](mailto:personuverndarfulltrui@urvel.is) eða í síma 551-8200. Einnig er unnt að senda bréf til nefndarinnar en þá skal umslagið merkt persónuverndarfulltrúanum.

Nefndin birtir úrskurði sína á vefsíðunni <http://www.urskurdir.is> í samræmi við fyrirmæli laga og reglugerða.